

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 1484 — 683. mál.

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Einari Má Sigurðarsyni,
Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við 1. gr. Efnisgreinin orðist svo:

Ráðherra hefur heimild til að fella niður vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu.

Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til 31. desember 2006.

Ráðherra getur sett nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau gögn sem leggja þarf fram með umsókn á grundvelli þessa ákvæðis.